



Borgarráð

Viðauki við fjárhagsáætlun 2024**1. Áframhald á verkefni um samrekið almennings- og skólabókasafn á Kjalarnesi**

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og íþróttasviðs hækki um 5.192 þ.kr. til að fjármagna verkefnið um samrekið almennings- og skólabókasafn á Kjalarnesi. Kostnaðaraukinn verður fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-5.192
MIR	xxx	Samrekið bókasafn á Kjalarnesi	Til	5.192
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talin þörf á jafnréttismati.

Greinargerð:

Á 83. fundi menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs þann 28. nóvember 2022 var samþykkt að vísa til borgarráðs vegna fjárhagsáætlunar 2023 tillögu að tilraunaverkefni um samrekið almennings- og skólabókasafn á Kjalarnesi, sbr. 6. lið fundargerðar sama fundar. Í desember 2022 var tilraunaverkefnið samþykkt í borgarráði. Búið er að taka frá fyrir verkefninu á ófyrirséð.

2. Flutningur fjárheimilda á VEL milli þjónustupátta

Lagt er til að gerðar verði eftirfarandi tilfærslur á fjárheimildum á milli þjónustupátta á velferðarsviði.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
VEL	F2050	Heimastuðningur Austurmiðstöð	Frá	-16.516
VEL	F2132	Sambýli Esjugrund 5	Frá	-664
VEL	F4507	Stoðþjónusta Austurmiðstöð	Til	17.180
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

**Greinargerð:**

Velferðarsvið óskar eftir að færa fjárheimildir milli þjónustupáttanna. Í áætlun er gert ráð fyrir að dreifing fjármagns sé miðlæg en nú óskar Austurmiðstöð eftir því að færa fjármagn sem er nú þegar áætlað á rétta kostnaðarstaði. Óskað er eftir breytingu til að hætta að framkvæma millifærslur og færa fjárheimildir undir viðeigandi kostnaðarstaði.

3. Flutningur fjárheimilda á VEL milli þjónustupáttanna

Lagt er til að gerðar verði eftirfarandi tilfærslur á fjárheimildum á milli þjónustupáttanna á velferðarsviði.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
VEL	01292	Sameiginlegur kostnaður miðstöðva	Frá	-17.500
VEL	F1100	Keðjan	Til	17.500

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Velferðarsvið óskar eftir fjárheimildir Keðjunnar verði hækkuð um 17.500 þ.kr. og á móti verður fjárheimild á kostnaðarstað 01292, sameiginlegur kostnaður miðstöðva, lækkuð um 17.500 þ.kr. Ástæða flutnings fjármagns er að þegar ákveðið var að færa skammtímadvalirnar undir Keðjuna þá var ákveðið að færa eitt stöðugildi með. Það hefur hingað til verið millifært af kostnaðarstað 01292, yfir á Keðjuna. Óskað er eftir breytingu til að hætta að framkvæma millifærslur og færa fjárheimildir undir viðeigandi kostnaðarstaði.

4. Rökkvatjörn – betri vinnutími

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 9.600 þ.kr. vegna betri vinnutíma. Kostnaðaraukinn verður fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-9.600
VEL	F4349	Rökkvatjörn - betri vinnutími	Til	9.600
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Í byrjun árs 2022 var íbúðarkjarninn Rökkvatjörn opnaður, en kjarninn er hluti af uppbyggingaráætlun. Fjárheimildin vegna Rökkvatjörn var tekin frá miðlægt í fjárhagsáætlun 2021 og aftur 2022 þar sem að verkið tafðist til ársbyrjunar 2022. Ekki var tekið tillit til nýrra útreikninga vegna betri vinnutíma í upphaflegri áætlun en



heildarkostnaður fyrir árið 2023 er 9.600 þ.kr. og óskar sviðið eftir því að þeim verði bættur þann kostnaður fyrir árið 2024.

5. Laugavegur 105 – breyting á þjónustuflokki

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 170.540 þ.kr. vegna breytinga á þjónustuflokki á íbúðakjarna á Laugavegi 105. Kostnaðaraukinn verður fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þ.kr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -170.540
VEL	xxx	Laugavegur 105	Til 170.540
		Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talið þörf á jafnréttismati.

Greinargerð:

Laugavegur 105 var upphaflega hugsaður í þjónustuflokki II en því hefur nú verið breytt í þjónustuflokk III. Kjarninn átti að vera fjármagnaður með rekstrarfé Hólabergs, en þar sem að þjónustuflokkur hefur breyst er nauðsynlegt að auka fjármagn til reksturs. Kostnaðaraukinn sundurliðast með neðangreindum hætti:

Stofnkostnaður: 5.000 þ.kr.

Viðbót við rekstur: 155.000 þ.kr.

Kjarasamningshækkunar (6,8% 2023): 10.540 þ.kr.

Samtals: 170.540 þ.kr.

6. Vesturgata 67

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 183.338 þ.kr. vegna reksturs Vesturgötu 67. Kostnaðaraukinn verður fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þ.kr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -183.338
VEL	xxx	Vesturgata 67	Til 183.338
		Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Vesturgata 67 er hluti af uppbyggingaráætlun Reykjavíkurborgar í sértækum húsnæðisúrræðum. Samkvæmt upplýsingum frá velferðarsviði hófst starfsemi á Vesturgötu í lok árs 2023. Fjárheimild 178.338 þ.kr. vegna Vesturgötu var tekin frá miðlægt í fjárhagsáætlun 2023 þar sem upphaflega var gert ráð fyrir að úrræðið



myndi opna á miðju ári 2023 en það tafðist þar til í lok ársins. Núna í janúar er úrræðið komið í fullan rekstur. Rekstrarkostnaður á ári er áætlaður 178.338 þ.kr. og stofnkostnaður 5.000 þ.kr.

7. Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 165.291 þ.kr. og fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 247.936 þ.kr. vegna samþættingu í þjónustu í þágu farsældar barna, lög nr. 86/2021. Breytingin, sem nemur í heildina 413.227 þ.kr. verður fjármögnuð með hækkun tekna á kostn.st. 00103.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
SKATT	00103	Tekjur vegna farsældarfrumvarps	Frá	-413.227
VEL	xxx	Farsældarfrumvarp	Til	165.291
SFS	xxx	Farsældarfrumvarp	Til	247.936
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarráðs frá 30. júní 2022 liður 26, VEL22060083, fjármagn sem ætlað er til innleiðingar laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

8. Vinnuskóli Reykjavíkur

Lagt er til að fjárheimildir umhverfis- og skipulagssviðs hækki um 22.000 þ.kr. vegna launakostnaðar nemenda í Vinnuskóla Reykjavíkur 2024. Kostnaðaraukinn verður fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-22.000
USK	xxx	Vinnuskóli Reykjavíkur	Til	22.000
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talið þörf á jafnréttismati.

Greinargerð:

Í fjárhagsáætlun eru rúmlega 268 milljónir á launalið nemenda en með hækkun launataxta um 7,9% og áætlaðan fjölda nemenda fyrir sumarið 2024 þá er mismunur á áætlun sem nemur um 22 milljónum, m.v. 3.000 nemendur. Launahækkun er í samræmi við meðaltalslaunahækkanir Reykjavíkurborgar skv. kjarasamningum 2023.



9. Sumar- og Vetrarborgin Reykjavík

Lagt er til að fjárheimildir umhverfis- og skipulagssviðs hækki um 39.500 þ.kr. vegna verkefnanna Sumar- og Vetrarborgin okkar 2024. Kostnaðaraukinn verður fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-39.500
USK	xxx	Sumar- og Vetrarborgin Reykjavík 2024	Til	39.500
			Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talin þörf á jafnréttismati.

Greinargerð:

Verkefnin Sumarborgin og Jólaborgin hafa það að markmiði að glæða miðborg Reykjavíkur auknu lífi yfir sumartímann og einnig þegar dimma tekur í aðdraganda jóla. Meðal þess sem felst í verkefninu er að klæða borgina í sumarþúning með ræktun og uppsetningu á auknum fjölda blóma og á vetrarmánuðum með fleiri ljósum og öðrum skreytingum. Þá felst einnig í verkefninu stuðningur við listafólk, rekstraraðila og viðburðahaldara sem bjóða upp á margvíslega viðburði fyrir gesti og gangandi í miðborginni. Sumarborgin og Jólaborgin hafa undanfarin ár flýtt nýsköpun í borginni þar sem ýmsir samstarfsaðilar nýta styrki til að prófa ný verkefni sem seinna verða sjálfbær eða fara í frekari þróun. Dæmi um þess háttar verkefni eru jólamarkaðir, gróðurhúsið á Lækjartorgi og vinsælir listviðburðir sem kallað er eftir ár eftir ár. Mikilvægt er að gestir og íbúar geti litið til miðborgar höfuðborgarinnar sem áfangastaðar sem gaman er að koma til. Helsti ávinningur þessara verkefna er m.a. að ímynd borgarinnar styrkist, borgarlandið er nýtt á skemmtilegan hátt, samstarf borgar og rekstraraðila í miðborginni eflist, stuðningur við grasrótina í menningarlífi borgarinnar og þá er þátttaka almenningi að kostnaðarlausu. Sundurliðaður áætlaður kostnaður er eftirfarandi:

Þjónusta Fiskislóðar	6.000.000
Sumarstarfsmaður	3.000.000
Verktakar	1.000.000
Blóm og gróður	4.000.000
Götugögn	5.000.000
Viðburðir	5.000.000
Jólamarkaðir (Jólaþros og Hjartatorg)	9.000.000
Annar stuðningur við viðburðahaldara	1.500.000
Markaðsmál	3.500.000
Ófyrirséð	1.500.000

39.500.000



10. Hækkun á árgjaldi hjá samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Lagt er til að fjárheimildir skrifstofu miðlægrar stjórnsýslu verði hækkaðar um 1.740 þ.kr. vegna hækkunar á árgjaldi. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -1.740
RHS	01080	Árgjald SSH	Til 1.740
		Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarstjórnar, 9. janúar 2024, máls MSS23110132 þar sem samþykkt var starfs- og fjárhagsáætlun Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Á aðalfundi SSH þann 16. nóvember 2023 var samþykkt að hækka árgjaldið úr 156 krónum á hvern íbúa upp í 164 krónur á hvern íbúa.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri